

Alþingi
Erindi nr. P 130/997
komudagur 18.2.2004



Alþingi
Stefán Árni Auðólfsson
Austurvelli
150 Reykjavík


Reykjavík 16. febrúar 2004
2004020023/40.2.1
HrH/BH
09.02.2004

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um gerð jarðganga undir Vaðlaheiði.

Alþingi samþykkti gildandi jarðgangaáætlun vorið 2000. Þar var ákveðið hvaða verkefni yrði ráðist í næstu árin og hvaða verkefni skyldi rannsaka til undirbúnings framkvæmda á síðari stigum. Jarðgöng milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar og milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar voru sett í forgang, og einnig skyldi hefja rannsóknir á jarðgangaleiðum milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, milli Eskifjarðar og Norðfjarðar og milli Vopnafjarðar og Héraðs. Fjármagn til fyrstu tveggja verkefnanna er sett á fyrstu tvö tímabil samgönguáætlunar 2003-2010. Ekki hafa verið teknar ákvarðanir um tímasetningu eða forgagnsröðun annara verkefna en þessara tveggja, nema hvað ákveðið hefur verið að hefja framkvæmdir við tiltölulega stutt göng undir Almannaskarð.

Margar hugmyndir og tillögur hafa komið fram um önnur jarðgöng en þau sem nefnd eru hér að framan viðs vegar á landinu. Þessar tillögur verða væntanlega meðal þess sem tekið verður fyrir við endurskoðun á jarðgangaáætlun, sem nú er hluti af samgönguáætlun 2003-2014. Samgönguáætlun skal endurskoða á fjögurra ára fresti, og þar eð næsta áætlun á að taka gildi í ársbyrjun 2007 má reikna með að endurskoðun hennar standi yfir á árinu 2006. Vegagerðin telur eðlilegt að jarðgöng undir Vaðlaheiði verði eitt af þeim verkefnum sem þá verða tekin til skoðunar.

Virðingarfyllst,


Jón Rögnvaldsson,
vegamálastjóri.

Samrit: Samgönguráðuneytið.